

## FUNDAGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**133. fundur** Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 5. júní 2015 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

### Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Sigurvaldason, Matthildur Hjálmarsdóttir. Þórarinn Óli Rafnsson

### Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Formaður setti fund.

### Dagskrá:

1. Styrkvegir, skipting fjármuna.
2. Sauðfjárveikivarnagirðingar
3. Brotajárnsámar í dreifbýli

### Afgreiðslur:

#### 1. Styrkvegir

Borist hefur bréf frá Vegagerðinni, þar sem fram kemur að samþykkt hafi verið úthlutun til styrkvega árið 2015 kr. 2.500.000. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins árið 2015 er samþykkt að veita kr. 1.500.000 til styrkvega. Til viðhalds styrkvega á árinu 2015 eru því kr. 4.000.000.

Eftirfarandi tillaga um skiptingu styrkvegafjárins var samþykkt samhljóða

a) Til afréttarvegur á Víðidalstunguheiði	kr. 1.675.000
b) Til afréttavega í Miðfirði	kr. 1.225.000
c) Til afréttavega í Hrútafirði	kr. 575.000
d) Til vegar yfir Brandagilsháls	kr. 175.000
e) Til vegar upp á Vatnsnesfjall	kr. 125.000
f) Til vega í fyrrum Bæjarhreppi	kr. 225.000

Viðkomandi fjallskilastjórnir sjái um framkvæmdir á afréttarvegum hver á sínu svæði að öðru leyti en því að sveitarstjóra er falið að fá verktaka í viðhald vegar yfir Brandagilsháls og vegar upp á Vatnsnesfjall.

#### 2. Sauðfjárveikivarnagirðingar.

Samkvæmt upplýsingum sem formaður landbúnaðarráðs fékk frá Mast verður engin fjárveiting til viðhalds á sauðfjárveikivarnagirðingunum úr Arnarvatni í Langjökul og milli Vesturhóps og Víðidals á árinu 2015. Landbúnaðarráð mótmælir þessari ákvörðun harðlega og bendir á alvarleika málsins af gefnu tilefni samanber nýleg dæmi um riðuveiki sem upp kom í Húnaþingi vestra og kostnaðinn sem af því hlýst ef smit berst á milli svæða. Landbúnaðarráð krefst þess að Mast endurskoði þessa ákvörðun og tryggi fjármuni til viðhalds þessara girðinga.

**3. Brotajárnsgámar í dreifbýli.**

Landbúnaðarráð óskar eftir að komið verði á kerfisbundinni hirðingu brotajárns í dreifbýlinu.

**4. Önnur mál**

Landbúnaðarráð stefnir er að vettvangsferð um heiðarvegi í lok júní.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:36

---

Jóhann Ragnarsson

---

Sigtryggur Sigurvaldason

---

Sigríður Ólafsdóttir

---

Þórarinn Óli Rafnsson

---

Matthildur Hjálmarsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir